

Verkfræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið 2015-2016

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands 2015-2016. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan deilda félagsins, nefnda og faghópa. Í þessari ársskýrslu birtast þær skýrslur sem borist höfðu þegar ársskýrslan fór í prentun. Aðrar skýrslur verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslu þessari.

Efnisyfirlit

| | |
|-------------------------------------|---------|
| Ávarp formanns | bls. 3 |
| Áhersla á mennta- og réttindamál | bls. 4 |
| Útgáfumál | bls. 6 |
| Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf | bls. 8 |
| Samstarf innanlands og erlendis | bls. 10 |
| FEANI | bls. 11 |
| Ársreikningur félagssjóðs 2015 | bls. 13 |
| Ársreikningur Hússjóðs 2015 | bls. 14 |
| Skýrslur deilda, nefnda og faghópa | bls. 21 |
| Atburðir 2015-2016 | bls. 26 |

Stjórn VFÍ 2015-2016

Kristinn Andersen, formaður
Páll Gíslason, varaformaður
Bjarni G.P. Hjarðar
María S. Guðjónsdóttir
Sveinbjörn Pálsson
Guðbjartur Jón Einarsson,
varameðstjórnandi
Gísli Georgsson, varameðstjórnandi

Kjaradeild

Kári Steinar Karlsson, formaður
Halldór Árnason, varaformaður
Hlín Benediktsdóttir
Kristinn Steingrímsson
Stefán Agnar Finnsson
Elísabet Vilmarsdóttir,
varameðstjórnandi
Birkir Hrafn Jóakimsson,
varameðstjórnandi

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Sveinn Ingi Ólafsson, formaður
Davíð Á. Gunnarsson
Steinar Friðgeirsson
Gylfi Árnason, varameðstjórnandi

Endurskoðendur

Torfi G. Sigurðsson, skoðunarmaður
Kristinn Gestsson, löggiltur
endurskoðandi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.
Sigrún S. Hafstein
Þrúður G. Haraldsdóttir
Guðríður Ó. Magnúsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ingigerður Jónsdóttir
Lydía Ósk Óskarsdóttir



Ávarp formanns VFÍ

Dagur verkfræðinnar 2016 er að baki og tókst að öllu leyti vonum framfar, með veglegri ráðstefnu og kynningu á verkfræðingum í námi og störfum. Þessi viðburður Verkfræðingafélags Íslands var haldinn í annað sinn núna á vordögum, í aðdraganda aðalfundar. Markmiðið með þessum degi er margþætt. Hann gefur okkur tilefni til að kynna hin margbreytilegu viðfangsefni verkfræðinga í samfélaginu, hann gefur okkur verkfræðingum sjálfum tilefni til að hittast, heyra um verkefni hvers annars og að styrkja tengslanetið.

Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ fagnar 75 ára afmæli á þessu ári og átti stóran hlut í Degi verkfræðinnar að þessu sinni, með umfjöllun um ofurtölvur, raforkukerfi, fjar-skipti, mælitækni og róbóta, svo nokkur dæmi séu nefnd. Sérstaka athygli vakti kynning á Orðanefnd RVFÍ, sem er elsta starfandi orðanefnd landsins. Nefndin hefur hlotið fjölda viðurkenninga og heldur uppi virku starfi að þýðingu hugtaka og gerð iðorða sem okkur eru mörg töm í daglegu tali.

Deildir og nefndir félagsins stóðu fyrir margvíslegri starfsemi á árinu, með heimsóknum á vinnustaði og margvíslegum kynningarferðum, en einnig í Verkfræðingahúsi, þar sem nýr

samkomusalur hefur gjörbreytt allir aðstöðu til samkomu- og fundahalda. Samlokufundir voru að vanda vel sóttir. Kvennanefnd VFÍ hélt áfram þeirri ánægjulegu venju að bjóða nýútskrifaðar konur í hópi verkfræðinga velkomnar með rós og móttöku í Verkfræðingahúsi.

Rafmagnsverkfræðingadeildin gekkst fyrir ráðstefnu um rafbílavæðingu og Byggingarverkfræðideildin stóð fyrir heimsókn til að skoða mannvirki á Keflavíkurflugvelli. Starf deilda félagsins utan höfuðborgarsvæðisins var öflugt sem fyrr. Deildir VFÍ á norðurlandi og austurlandi starfa náið með landshlutadeildum TFÍ og á árinu héldu norðurlandsdeildirnar m.a. sameiginlega ráðstefnu á Akureyri um vistorku.

Verktækni, sameiginlegt tímarit VFÍ og TFÍ, er nú gefið út rafrænt á netinu og prentað. Á árinu komu út þrjú tölublöð vefritsins og eitt tölublað prentaða ritins, sem inniheldur m.a. ritryndar fræðigreinar. Vinna við nýjan vef VFÍ hófst á árinu en stór hluti samskipta félagsmanna við félagið fer fram gegnum vefinn.

Verkfræðingafélagið hefur áfram látið sig varða kennslu í stærðfræði og raungreinum í grunn- og framhaldsskólum og stutt við verkefni sem vekja áhuga nemenda á verkfræði og tækninámi. Stjórnin átti fund með

menntamálaráðherra og beitti sér þar fyrir aukinni fjárveitingu til háskólakennslu í verkfræði og tæknigreinum. Þá sendi stjórn félagsins frá sér ályktun þar sem vakin var athygli á niðurstöðum stórrar könnunar á vegum OECD um kunnáttu 15 ára nemenda í stærðfræði og raungreinum. Taldi stjórnin niðurstöðuna óviðunandi fyrir Ísland og mikilvægt að bregðast við.

Núna, þegar 104. starfsári Verkfræðingafélags Íslands er að ljúka, er félagið öflugra en nokkru sinni fyrr. Félögum fer fjölgandi, starfsemin eflist og fjárhagur félagsins er sterkur. Félagið er því vel í stakk búið til að þjóna félagsmönnum og vinna að vexti og viðgangi verkfræðinnar á öllum sviðum. Ég hef átt þess kost að gegna formennsku í þessu ágæta félagi okkar undanfarin ár og læt nú af störfum. Starfið hefur verið gefandi og ánægjulegt, en árangur félagsins er að þakka öllu því góða fólki sem kemur að starfi þess. Framkvæmdastjóra, starfsfólki og stjórn, ásamt félagsmönnum, þakka ég einstaklega gott samstarf með góðum óskum í þeim störfum sem fyrir höndum eru. Sjálfur hlakka ég til þess að taka áfram virkan þátt í starfi Verkfræðingafélags Íslands og leggja því lið.

Kristinn Andersen, formaður VFÍ.

Menntamálanefnd

Skipan nefndarinnar og fundir

Menntamálanefnd VFÍ var á starfsárinu skipuð eftirtöldum:

Steindór Guðmundsson, formaður
Björn Karlsson
Heiða Pálmadóttir
Ingunn Sæmundsdóttir
Jenný Ruth Hrafnadóttir
Sigurður M. Garðarsson
Þórður Helgason

Um hlutverk og verkefni menntamálanefndar er fjallað í 19. grein félagslaga VFÍ.

Menntamálanefnd hélt alls tíu reglulega fundi á starfsárinu, og voru þeir fundir nr. 358 - 367. Venjulegur fundartími er annar fimmtudagur hvers mánaðar.

Umsóknir til félagsins

Af 246 umsóknum um inngöngu í félagið voru 17 um endurinnngöngu, sem er nokkru meira en undanfarin ár. Af þessum 246 umsóknum voru 237 umsóknir samþykktar en 5 var hafnað og umfjöllun um 4 er ekki lokið. Af 45 umsóknum um ungfélagaaðild var 41 samþykkt, 3 var hafnað og ein var dregin til baka. Af 170 umsóknum um starfsheitið var 151 umsókn samþykkt en 13 var hafnað og umfjöllun um 6 er ekki lokið. Alls var fjallað um umsóknir frá 341 einstaklingi sem sótti um leyfi til að kalla sig verkfræðing og/eða sótti um inngöngu í VFÍ eða sótti um ungfélagaaðild. Af þessum 341 einstaklingi voru 106 konur eða 31%.

Heildarfjöldi umsókna heldur áfram að aukast. Aukningin er töluvert mikil miðað við síðustu tvö starfsár á undan, sem vou þó metár. Síðustu fimm starfsár er fjöldi umsókna mun meiri en starfsárin þar á undan. Skýringin er að hluta sú að á starfsárinu 2011-2012 voru SV og VFÍ sameinuð í eitt félag. Það veldur því að eftir sameininguna



(1. júlí 2011) bætast við til umsagnar í Menntamálanefnd þær umsóknir sem áður komu beint til SV um inngöngu í SV og voru afgreiddar þar.

Aukinn fjöldi umsókna um inngöngu í VFÍ virðist jafnframt hafa haft í för með sér að umsóknum um starfsheitið hefur líka fjölgað verulega. Einnig fjölgaði umsóknum um ungfélagaaðild nokkuð á tímabilinu fyrst eftir sameininguna og nær hámarki á síðasta starfsári. Þær mættu gjarnan vera enn fleiri, því ungfélagar verða sjálfkrafa félagsmenn þegar þeir ljúka sínu BS- prófi. Því er mjög mikilvægt er að fá sem flesta ungfélaga inn í félagið. Í því samhengi má benda á að tillaga er lögð fyrir aðalfund VFÍ 2016 um að leyfa verkfræðinemum að gerast ungfélagar í VFÍ strax við innritun í verkfræðinámi. Verði þetta samþykkt, þarf líka öflugar kynningar í verkfræðideildum HÍ og HR til að kynna þennan möguleika.

Til fróðleiks má geta þess að umsóknir frá konum hafa verið í kringum þriðjungur allra umsókna undanfarin ár (31%, 33% og 29% undanfarin þrjú starfsár).

Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og/eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitið verkfræðingur bárust Menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið nám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS-námi í verkfræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum. Einnig bárust nokkrar fyrirspurnir frá öðrum, m.a. nokkrum sem lokið höfðu tæknifræðiþrófi hérlendis eða erlendis og voru að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum skólum.

Varðandi þessar fyrirspurnir komu nokkrar þeirra til nefndarinnar frá ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar, sem ekki hefur gerst áður. Þetta réðist af því að nokkrir umsækjendur eða fyrirspyrjendur höfðu samband beint við ráðuneytið með sínar spurningar. Svör við þessum fyrirspurnum voru því send til ráðuneytissins, sem kom þeim áfram.

| Starfsár | 15-16 | 14-15 | 13-14 | 12-13 | 11-12 | 10-11 | 09-10 | 08-09 |
|----------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Innganga: | 246 | 185 | 165 | 140 | 115 | 42 | 41 | 77 |
| Starfsheiti: | 170 | 153 | 147 | 131 | 141 | 81 | 66 | 97 |
| Ungfélagaaðild: | 45 | 16 | 33 | 20 | 23 | 10 | 9 | 9 |
| Umsóknir alls | 461 | 354 | 345 | 291 | 279 | 133 | 116 | 183 |



Nýjar reglur um leyfi til að kalla sig verkfræðing

Á starfsárinu 2014-2015 var unnið að endurskoðun á reglum um leyfi til að kalla sig verkfræðing í samráði við ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar, en reglurnar voru birtar í Stjórnartíðindum 11. des. 2015 eftir enn einar lítilsháttar endurbætur á fyrri tillögum. Nýju reglurnar tóku gildi 1. janúar 2016. Í þessum nýju reglum eru meiri útskýringar en áður var, en eiginlegar kröfur eru óbreyttar frá reglunum sem tóku gildi um áramótin 1999/2000.

Í framhaldi af þessari endurskoðun ákvað nefndin að leggja nokkra vinnu í enska útgáfu þesara endurbættu reglna, sem er mikilvægt vegna töluverðs fjölda erlendra umsókna um starfsheitið verkfræðingur. Reglurnar eru nú aðgengilegar bæði á íslensku og ensku, á heimasíðu VFÍ og heimasíðu ráðuneytisins, en að sjálf-sögðu er það íslenska útgáfan sem gildir ef upp koma álitamál.

Breytingar á skráningu verkfræðináms við HR og HÍ í FEANI –Index.

Skráning verkfræðináms við HÍ og HR í gagnagrunn FEANI hefur verið í nokkru skötulíki mörg undanfarin ár. Mun meira mál var að koma inn réttum upplýsingum, heldur en fyrst var talið, því formlega þurfti atbeina Eftirlitsnefndar FEANI á Íslandi (NMC) og samvinnu þeirra við Evrópu-eftirlitsnefnd FEANI (EMC).

Eftir margra mánaða vinnu íslensku NMC – nefndarinnar undir forystu Jóns Vilhjálmssonar, tókst loksins að koma þessari skráningu inn í FEANI –Index, þannig að nú eru þar réttar upplýsingar um verkfræðináms á Íslandi. Menntamálanefndin vill sérstaklega þakka Jóni Vilhjálmsyni fyrir þessa vinnu.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ
Steindór Guðmundsson, formaður.*

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd (ENSÍM) hefur ekki verið virk í nokkur ár. Þess í stað hafa starfsmenn félagsins átt gott samstarf við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ). Á starfsárinu voru sem fyrr haldnir fundir með starfsmönnum EHÍ um leiðir til að auka framboð af námskeiðum fyrir verkfræðinga og tækni-fræðinga.

Félögin hafa frá upphafi verið aðilar að Endurmenntun HÍ og eru því heiðurs-samstarfsaðilar. Í septembermánuði 2009 var skrifað undir formlegan samstarfssamning við Endurmenntun HÍ. Markmið samningsins er að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ. Þá hefur Endurmenntun boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum.

Unnið er að því að auka framboð af námskeiðum og eru meðal annars niðurstöður fræðslukannana hafðar til hlíð-sjónar. Það er vilji félaganna að auka framboð af námskeiðum á landbyggðinni og er unnið að því í samstarfi við Endurmenntun HÍ.



Útgáfa

Útgáfumál

Árið 2012 var ákveðið að hætta útgáfu Árbókar VFÍ/TFÍ. Samhliða þeirri ákvörðun var ákveðið að breyta félagsblaðinu Verktækni á þann hátt að gefa það út sem tímarit og efla útgáfu ritrýndra greina, tæknigreina og annars faglegs efnis. Í september 2013 kom út fyrsta tölublað Verktækni – tímarit VFÍ/TFÍ. Í blaðinu eru birtar ritrýndar vísindagreinar auk almennra tækni- og vísindagreina.

Rafræn útgáfa

Möguleikar á rafrænni útgáfu hafa verið til skoðunar um nokkurt skeið. Stéttar- og fagfélög hafa sum hver alfarið hætt að prenta félagsblöðin og treysta alfarið á rafræna dreifingu. Rætt hefur verið að færa útgáfu TFÍ og VFÍ yfir á rafrænt form og koma upp öflugum greinabanka á netinu með faglegu efni. Möguleikar hvað það varðar verða áfram til skoðunar, sérstaklega verður hugað að þessu með tilkomu nýrra vefja félaganna.

Verktækni – vefrit kom fyrst út í febrúar 2014. Aukinn kostnaður við póstdreifingu og staðan á auglýsingamarkaði kallaði á slíkar breytingar. Í vefritinu er miðlað upplýsingum til félagsmanna um hvað eina sem varðar starfsemi félaganna. Einnig eru birtar styttri greinar um faglegt efni. Til stendur að efla þennan þátt í þjónustu félaganna og gefa vefritið út oft og reglulega.

timarit.is og aðrir gagnagrunnar

Á árinu 2012 var gerður samningur við timarit.is um að allt útgefið efni félaganna verði aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélar. Ekki hefur gefist ráðrúm til að kanna skráningu á ritrýnda hluta Verktækni í fleiri viðurkennda gagnagrunna, að því er stefnt.

vfi.is

Á starfsárinu var hafist handa við endurnýjun á vefjum VFÍ og TFÍ. Ráðgert er að nýir vefir fari í loftið eigi síðar en í júlí 2016. Vefir félaganna verða áfram með sama útliti í grunninn og að langstærstum hluta sama efnis. Í framhaldinu verður unnið að uppsetningu á „Mínum síðum“ fyrir félagsmenn þar sem þeir geta fylgst með réttindum í sjóðum o.fl.

VFÍ er á Facebook, slóðin er: [facebook.com/vfi.1912](https://www.facebook.com/vfi.1912).





Ritröð VFÍ

Á 90 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands var ákveðið að ráðast í útgáfu ritraðar. Á 100 ára afmælisári Verkfræðingafélags Íslands 2012 kom út bókinn: VFÍ í 100 ár – Saga Verkfræðingafélags Íslands.

Í ritröðinni eru sjö bækur:

- Frumherjar í verkfræði á Íslandi. (2002)
- Afl í segulæðum. Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár. (2004)
- Í ljósi vísindanna. Saga hagnýtra rannsóknna á Íslandi. (2005)

- Bryr að baki. Bryr á Íslandi í 1100 ár. (2007)
- Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár. (2008)
- Verkin sýna merkin. - Saga framkvæmda og verktakastarfsemi á Íslandi. (2009)
- VFÍ í 100 ár. – Saga Verkfræðingafélags Íslands. (2012)

Heimildaöflun um frumkvöðla

Í tengslum við útgáfu félagsins er rétt að nefna að Kvennanefnd VFÍ réðist í það verkefni að afla heimilda og taka viðtöl við konur sem eru frumkvöðlar innan stéttarinnar. Vinnuheiti verknefnisins er: Þær brutu blað – konur í verkfræði. Gögnin voru afhent Miðstöð munnlegrar sögu. Stefnt er að útgáfu bókar um kvenfrumkvöðla í verkfræði á Íslandi.



Siðanefnd VFÍ

Eitt mál barst Siðanefnd VFÍ á síðasta starfsári. Eftir nokkra fundi og að fengnum skriflegum athugasemdum málsaðila lauk málinu með úrskurði nefndarinnar. Siðanefnd VFÍ er skipuð fimm fyrrverandi formönnum VFÍ. Siðanefnd starfsársins var skipuð eftirtöldum: Guðmundur G. Þórarinnsson, formaður, Hákon Ólafsson, Pétur Stefánsson, Steinar Friðgeirsson og Jóhanna Harpa Árnadóttir.

Guðmundur G. Þórarinnsson, formaður.



Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og skoðunarferða voru haldnar á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 26 og 27 er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Samrekstur skrifstofu VFÍ og TFÍ hefur reynst vel og samstarf félaganna er gott. Samlokufundir áttu sinn fasta stað í félagsstarfinu og voru vel sóttir.

Útsendingar/upptökur af fundum í Verkfræðingahúsi hafa gengið vel og má finna þær á vefslóðinni: <http://www.ustream.tv/channel/verktækni>

VerkTækni golfmótið

Árlegt golf einvígi verkfræðinga og tækni-fræðinga, VerkTækni golfmótið, var haldið í átjándra sinn þann 7. ágúst 2015, á Grafarholtsvelli. Verkfræðingar fóru með sigur af hólmi í sveitakeppninni og vörðu þar með titilinn frá fyrra ári.

Dagur verkfræðinnar

Dagur verkfræðinnar var haldinn í annað sinn 1. apríl 2016 á Hótel Reykjavík Natura. Þátttakan fór fram úr björtustu vonum en rúmlega 300 manns mættu á Dag verkfræðinnar. Markmiðið með deginum er að

kynna verkfræðina, störf verkfræðinga og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga. Dagskráin hófst kl. 13 með spennandi og fjölbreyttri dagskrá, þar sem fyrirlestrar og kynningar fóru fram þremur opnum sölum.

Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði starfsemi félagsins. Þeim sem lengra eru komnir í verkfræðináminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar "vísindaferðir".





Námssjóður J.C. Möller

Námssjóður J.C. Möller frá 6. október 1938, hefur úthlutað styrkjum til efnilegra íslenskra stúdenta, sem stunda nám, eða ætla sér að stunda nám í tækniháskóla á Norðurlöndum. Styrkurinn er þó sérstaklega ætlaður þeim sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagnsverkfræði og þá einkum þeim er stunda, eða ætla sér að stunda nám í Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn. Ekki var úthlutað úr sjóðnum á árinu.

Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir enda er salur glæsilegur að aðstaðan eins og best verður á kosið.





Samstarf innanlands og erlendis

Félagafjöldinn

Í ársbyrjun 2016 voru félagsmenn VFÍ 2644 þar af voru 94 ungfélagar. Í ársbyrjun 2015 voru félagsmenn 2417 þannig að félagsmönnum fjölgaði um 227 á árinu sem telst afar jákvætt. Konur eru um 20% félagsmanna í VFÍ.

Samstarf við Tæknifræðingafélag Íslands

VFÍ og TFÍ hafa rekið sameiginlega skrifstofu í 22 ár. Starfsemin skiptist í þrjú svið: Kjarasvið, útgáfu- og kynningarsvið og fag- og fjármála-svið. Þrúður G. Haraldsdóttir er sviðsstjóri kjaramála, Sigrún S. Hafstein er sviðsstjóri útgáfu- og kynningarmála og Árni B. Björnsson er yfir fag- og fjármálasviði og er hann jafnframt framkvæmdastjóri félaganna.

Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Samstarfið við skólana er afar

mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði hér á landi.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir verkfræðinema eru fastur liður.

VFÍ og TFÍ tóku þátt í Framadögum háskólanna. Það er mjög mikilvægt að hafa sterk tengsl við skólana og margir höfðu áhuga á að ræða við fulltrúa félaganna um ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Norðurlandasamstarf

Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Einnig hefur félagið í Eistlandi fulla aðild að Nording. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna.

Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 400 þúsund.

Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á aðalfundum Nording bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags.

Á vef Nording er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemina. Slóðin er: www.nording.org

ANE


ANE (Association of Nordic Engineers) er samstarfsvettvangur sem var settur á laggrinnar árið 2007 af félögum verkfræðinga og tæknifræðinga í Danmörku, Svíþjóð og öðru af tveimur félögum í Noregi. Þrjú félög eiga aðild að ANE: Sveriges Ingenjörer, IDA og NITO. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verkfræðinga og tæknifræðinga í alþjóðlegu samhengi, ekki síst í samskiptum við Evrópusambandið. Á vef ANE, www.nordicengineers.org eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk íslensku félaganna TFÍ og VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræði-

Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 1999 - 2016



kostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu (VFÍ eða TFÍ) eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunaþega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands eru aðilar að FEANI, Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og standa VFÍ og TFÍ sameiginlega að Íslandsnefnd FEANI. Félögin skiptast á um að hafa formennsku í nefndinni á tveggja ára fresti og hefur fulltrúi TFÍ, Jóhannes Benediktsson, gegnt formennsku í nefndinni síðastliðið starfsár. Fulltrúi VFÍ mun því taka við vorið 2107.

Aðalfundur FEANI er haldinn í september/október á hverju ári í einhverju aðildarlandanna, sem nú eru 32 talsins. Auk þess eru tvö önnur lönd með aukaaðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera um 3,5 milljónir. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundinn á hverju ári, og er það að jafnaði formaður nefndarinnar sem hann sækir.

Ársfundur FEANI 2015

Ársfundur FEANI 2015 var haldinn 8.-10. október í Lissabon í Portúgal. Þátttakendur frá 28 aðildarþjóðum sóttu fundinn, en fjórar þjóðir sendu ekki fulltrúa og þrjár þjóðir höfðu ekki atkvæðisrétt vegna vangoldins árgjalds. Sjálfur aðalfundurinn var haldinn 9. október, en 8. október var ráðstefna í nafni FEANI við um menntunarmál: „Education of Engineers – Key Task for the Successful European Future“. Fundur landsnefndanna: „National Members Forum“ var haldinn 9. október að lokinni ráðstefnunni, og áður en sá fundur byrjaði voru sérstakir fundir þriggja svæðishluta innan FEANI til að fara yfir og samræma sjónarmið. Ísland var boðað til fundar hjá FEANI –North, en þar eru Norðurlöndin, Eistland, Bretland, Írland og Rússland. Á fundinn mættu fulltrúar Norðurlandanna og Bretlands.

Aðalfundurinn

Forseti FEANI, Prof. Dr. José Manuel Pereira Vieira frá Portúgal flutti skýrslu stjórnar. Þar kom meðal annars fram að fjárhagur FEANI er í nokkuð góðu lagi. Það hefur þó sett strík í reikninginn að fimm þjóðir hafa átt í erfiðleikum með að borga árgjöldin. Samtals voru skráðir hlutir í FEANI 98 við lok ársfundarins og skiptust þeir á aðildarlöndin 33 nokkurn veginn eftir fjölda verkfræðinga og tæknifræðinga í hverju landi.

Minnstu þjóðirnar hafa einn hlut, en fram að ársfundinum 2013 fengu sumar þeirra afslátt af árgjaldi miðað við efnahag og fjölda verkfræðinga og tæknifræðinga. Þessi afsláttur var afnuminn á ársfundinum 2013 þrátt fyrir mótmæli minnstu þjóðanna. 2014 var aðlögunarár, þar sem gjaldið var hækkað upp í hálfan hlut og 2015 upp í 75% en eftir það verður borgað fullt verð fyrir hvern hlut. Fyrir Ísland þýðir það að okkar árgjald hefur farið úr ca. 1.600 EUR árið 2013 upp í ca. 4.300 EUR 2015.

| | | | |
|----------------|--------------|-----------|------------|
| 1 hlutur | Belgía | 2 hlutir | Austurríki |
| | Búlgaría | | Frakkland |
| | Eistland | | Írland |
| | Ísland | | Pólland |
| | Krótía | | Tékkland |
| | Kýpur | 3 hlutir | Grikkland |
| | Lúxemborg | | Holland |
| | Makedónía | | Rússland |
| | Malta | 4 hlutir | Danmörk |
| | Rúmenía | | Noregur |
| | Serbía | | Portúgal |
| | Slóvakía | 5 hlutir | Sviss |
| | Slóvenía | | Svíþjóð |
| | Úkraína | 6 hlutir | Finnland |
| | 7 hlutir | Spánn | |
| Auka- aðild | Aserbaidsjan | 10 hlutir | Ítalía |
| | Kasakstan | 11 hlutir | Bretland |
| | Ungverjaland | | Þýskaland |

Þátttakendur í FEANI og fjöldi hluta.

Í skýrslu stjórnar var ennfremur farið yfir nokkur helstu verkefni sem verið hafa í gangi hjá FEANI undarfarin ár. Þar á meðal er nýtt gæðamatskerfi fyrir háskóla og tækniháskóla sem kenna verkfræði og tæknifræði: „ENAAE / EUR-ACE accreditation“. Sífellt fleiri námsbrautir hafa fengið þessa nýju vottun, og hafa þær verið teknar upp í FEANI-INDEX ásamt öðrum viðurkenndum námsbrautum.

Samþykkt var að leggja sérstaka áherslu á uppfærslu á Indexnum á árinu 2016. Nú þegar uppfæra níu þjóðir Indexinn sjálfar. Skipaðir hafa verið sendiherrar til að aðstoða

landsnefndir við að uppfæra Indexana í heimalandinu.

Annað verkefni er svokallað Engineer Card (ENGCARD). Þetta er skirteini sem á meðal annars að auðvelda fólki að flytja sig milli landa og fá vinnu í Evrópulöndum utan heimalandsins. Þetta verkefni hefur verið á döfnni í nokkur ár og meðal annars fengið styrk frá ESB til að prufukeyra verkefnið sem hugsanlega fyrirmynd fyrir aðrar starfsstéttir. Á fundinum kom fram að nú væru 11 þjóðir þátttakendur. Norðurlöndin hyggjast bíða í bili og nýta sér reynslu þessara fyrstu þjóða og höfum við fylgt þeim.

Ulf Bengtsson frá Svíþjóð situr áfram í stjórninni sem gjaldkeri og Trond Markusen frá Noregi var endurkosinn meðstjórnandi. Kosnir voru fimm aðrir meðstjórnendur.

Næsti aðalfundur FEANI verður haldinn 6.-8. október 2016 í Malmö og Norðmenn hafa boðið Osló fram 2017.

*F.h. Íslandsnefndar FEANI
Jóhannes Benediktsson, formaður.*



Áritun endurskoðenda

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Verkfræðingafélag Íslands, vegna ársins 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-19.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórn Verkfræðingafélags Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans að öðru leyti en að framan segir.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 12.2 mkr., en

rekstrartekjur námu tæpum 69.6 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 103.8 mkr. en heildarskuldir rúmum 36.2 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 67.6 mkr í árslok.

Samrekstur VFÍ/TFÍ er gerður upp í sérstöku uppgjöri. Hluti VFÍ í samrekstrarkostnaði félaganna er síðan fluttur í uppgjör VFÍ.

Á árunum 2012 til 2014 var samreksturinn gerður upp með rekstrarafgangi og er heildar eigið fé samrekstrar kr. 14.323.495 í lok árs 2015. Með tilliti til skiptihlutfalla samrekstrar er hluti VFÍ af þessari fjárhæð kr. 9.391.329.

Á sínum tíma ákváðu stjórnir félaganna að nýta rekstrarafgang samrekstrar til kaupa á bókhalds- og félagakerfishugbúnaði frá dK hugbúnaði. Ólokið er nauðsynlegum breytingum, sérsmiði og lagfæringum á félagakerfishluta hugbúnaðarins. Fyrrgreindur rekstrarafgangur verður notaður til að ljúka þessari vinnu.

Reykjavík, 30. mars 2016.

Kristinn Gestsson,

löggtur endurskoðandi

Ég undirritaður félagskjörinn endurskoðandi Verkfræðingafélags Íslands, hef yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og legg ég til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 4. apríl 2016.

Torfi G. Sigurðsson

Ársreikningur félagssjóðs 2015

Rekstrarreikningur

| | 2015 | 2014 |
|--|----------------|----------------|
| <i>Rekstrartekjur</i> | | |
| Félagsgjöld | 69.585 | 65.322 |
| | <u>69.585</u> | <u>65.322</u> |
| <i>Rekstrargjöld</i> | | |
| Samrekstrarkostnaður skv. skiptireglu | 32.490 | 28.103 |
| Stjórnarlaun-samninganefndir | 2.947 | 2.534 |
| Skrifstofukostnaður-sérgreindur | 2.123 | 2.304 |
| | <u>37.560</u> | <u>32.941</u> |
| Hagnaður/tap af aðalstarfsemi | 32.025 | 32.381 |
| <i>Aðrar tekjur og gjöld</i> | | |
| Verktækni og útgáfa | -594 | -4.313 |
| Ritröð, saga VFÍ | -2.259 | -588 |
| Hug- og vélbúnaður v/félagakerfis o.fl. | -4.448 | -4.315 |
| Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf | -1.709 | -1.480 |
| Innlent og erlent samstarf | -3.250 | -3.174 |
| Kjarakannanir | -825 | -1.254 |
| Lögfræðikostnaður | -6.588 | -4.645 |
| Annað | -3.781 | -1.582 |
| | <u>-23.454</u> | <u>-21.351</u> |
| Hagnaður/tap án vaxtatekna og -gjalda | 8.571 | 11.029 |
| <i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i> | | |
| Vaxtatekjur | 4.792 | 2.965 |
| Fjármagnstekjuskattur | -773 | -410 |
| Vaxtagjöld / innheimtukostnaður | -388 | -400 |
| | <u>3.631</u> | <u>2.155</u> |
| Tekjur umfram (gjöld) á árinu | <u>12.202</u> | <u>13.184</u> |

Efnahagsreikningur

| | 2015 | 2014 | | 2015 | 2014 |
|------------------|----------------|----------------|-----------------------------|----------------|----------------|
| <i>Eignir</i> | | | <i>Skuldir og eigið fé</i> | | |
| Veltufjármunir: | | | Eigið fé: | | |
| Skammtímaskuldir | 25.174 | 41.098 | Óráðstafað eigið fé | 67.631 | 56.084 |
| Handbært fé: | 78.659 | 104.115 | <i>Skuldir:</i> | | |
| | <u>103.833</u> | <u>145.213</u> | Skammtímaskuldir | 36.202 | 89.129 |
| Samtals eignir | <u>103.833</u> | <u>145.213</u> | Samtals skuldir og eigið fé | <u>103.833</u> | <u>145.213</u> |

Húseignir VFÍ

Ársreikningur Hússjóðs 2015

Rekstrarreikningur

| | 2015 | 2014 |
|--|---|---------------|
| <i>Rekstrartekjur</i> | | |
| Húsaleiga | 22.393 | 21.718 |
| | <u>22.393</u> | <u>21.718</u> |
| | Rekstrartekjur alls | 21.718 |
| <i>Rekstrargjöld</i> | | |
| Rekstur fasteigna | 6.698 | 6.283 |
| Framlag til samrekstrar | 896 | 869 |
| Annar kostnaður | 516 | 316 |
| | <u>8.110</u> | <u>7.468</u> |
| | Hagnaður/tap án fyrninga og fjármagnsliða | 14.250 |
| | 14.283 | 14.250 |
| <i>Fyrningar</i> | | |
| | -8.054 | -7.449 |
| | <u>-8.054</u> | <u>-7.449</u> |
| | Fyrningar alls | -7.449 |
| | Hagnaður/tap án fjármagnsliða | 6.801 |
| | 6.229 | 6.801 |
| <i>Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld</i> | | |
| | -931 | -911 |
| | <u>-931</u> | <u>-911</u> |
| | Tekjur umfram (gjöld) á árinu | 5.890 |
| | <u>5.298</u> | <u>5.890</u> |

Efnahagsreikningur

| | 2015 | 2014 | | 2015 | 2014 |
|-----------------------|----------------|----------------|-----------------------------|----------------|----------------|
| <i>Eignir</i> | | | <i>Skuldir og eigið fé</i> | | |
| Fastafjármunir: | | | Eigið fé: | | |
| Engjateigur 9 | 377.884 | 353.385 | Óráðstafað eigið fé | 336.766 | 306.970 |
| | | | Fyrningarsjóður fasteignar | 16.661 | 9.663 |
| Fastafjármunir alls | <u>377.884</u> | <u>353.385</u> | Eigið fé alls | <u>353.427</u> | <u>316.633</u> |
| Veltufjármunir: | | | <i>Skuldir:</i> | | |
| Skammtímakröfur | 146 | 286 | Framkvæmdalán VFÍ | 23.243 | 35.802 |
| Handbært fé | 274 | 458 | Skammtímaskuldir | 1.634 | 1.694 |
| Veltufjármunir alls | <u>420</u> | <u>744</u> | Skuldir alls | <u>24.877</u> | <u>37.496</u> |
| <i>Samtals eignir</i> | <u>378.304</u> | <u>354.129</u> | Samtals skuldir og eigið fé | <u>378.304</u> | <u>354.129</u> |

Skýrsla Kjaradeildar VFÍ 2015

Aukinn fjöldi félagsmanna á almennum markaði hefur leitt til þess að einstaklingsbundin þjónusta á vegum skrifstofunnar eykst jafnt og þétt. Dæmi um það er undirbúningur launaviðtala, yfirlestur ráðningarsamninga, lausn ágreiningsmála við vinnuveitendur og ýmis önnur ráðgjöf. Þessi þróun er í takti við reynslu annarra kjarafélaga.

Lögfræðikostnaður var þó nokkuð hærri en árið á undan. Sú þjónusta er afar mikilvæg og ómetanlegt bakland fyrir félagsmennina.

Áfram var unnið að uppbyggingu trúnaðarmannakerfis og hefur sú vinna tekið lengri tíma en áætlað var. Skipta þar mestu miklar annir við gerð kjarasamninga.

Síðastliðin tvö ár hafa einkennst af mikilli vinnu við gerð kjarasamninga. Samningar voru gerðir til lengri tíma en áður, gilda til 2019 og því gefst vonandi meira svigrúm til að sinna öðrum verkefnum.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ hélt níu fundi á starfsárinu og samkvæmt fundargerðum voru meðal annars tekin til umfjöllunar mál er varða kjarasamninga, einstaklingsmál sem skrifstofa hefur unnið að, kjarakannanir og starfsemi sjóða VFÍ. Einnig er hafinn undirbúningur að norrænum launafundi, NIL, hér á landi næsta haust.

Gerð kjarasamninga

Gerð kjarasamninga var meginviðfangsefnið á starfsárinu og nú liggja fyrir samningar við flesta viðsemjendur. Samningar ríkisins, sem byggðu á niðurstöðum Gerðardóms settu strík í reikninginn enda hækkanir umtals-

verðar. Nýr kjarasamningur við Félag ráðgjafarverkfræðinga var samþykktur í lok marsmánaðar 2016.

Í mars 2011 tókust samningar við Samtök atvinnulífsins um ótímabundinn réttindasamning sem tók gildi 1. apríl 2011.

Kjarasamningur VFÍ við Samtök atvinnulífsins er viðmiðunarsamningur á almennum markaði. Samingurinn er ótímabundinn réttindasamningur. Varðandi þróun launa er rétt að líta til til lágmarkshækkana í samningi SA og ASÍ sem eru 6,2% frá 1. janúar 2016 og hann gildir til 2019 með viðbótarhækkunum 2017 og 2018. Hann hefur áhrif á heildarhreyfingu launa á almenna markaðnum og þar af leiðandi á markaðslaun verkfræðinga. Jafnframt var samið um hækkanir á framlagi í líffeyrissjóð.

Vinna er í gangi við nýjan kjarasamning við sveitarfélögin.

Öðrum kjarasamningum er lokið.

Almennur vinnumarkaður

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru:

- Við SA – Samtök atvinnulífsins
- Við FRV- Félag ráðgjafarverkfræðinga
- Við RARIK
- Við OR – Orkuveitu Reykjavíkur

Opinber vinnumarkaður

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði eru : Við Ríkið, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög.

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Sveinn I. Ólafsson formaður, Davíð Á. Gunnarsson, Steinar Friðgeirsson og Gylfi Árnason, varameðstjórnandi.

Skýrsla Fjölskyldu- styrktarsjóðs VFÍ 2015

Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2015-2016:

Sveinn Víkingur Árnason
Auður Ólafsdóttir
Hulda Guðmundsdóttir

Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við.

Veittir voru 454 styrkir sem er 23% fjölgun milli ára. Í hóprannsókn vegna skimunar fyrir ristilkrabbameini fóru 7 félagar eldri en 50 ára. Öðrum styrkjum fjölgaði mjög milli ára, einkum líkamsræktarstyrkjum. Styrkjagreiðslur skiptust þannig að styrkir í formi dagpeninga voru 33 þar af 9 í fæðingarorlof. Sérstækir styrkir voru 412 að frádregnum hóprannsóknnum.

Sjóðfélagar voru um 520 í árslok 2015 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Virkir sjóðfélagar eru 414.


Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 24,8 mkr. og hækkuðu um 18% milli ára. Styrkir námu 27 mkr. sem er 21% hækkun á milli ára. Rekstrargjöld voru um 3,1 mkr. Gjöld umfram tekjur námu 3,9 mkr. og var óráðstafað eigið fé í árslok 2015 var 43 mkr. Ljóst er að stjórn sjóðsins þarf að skoða úthlutunarreglur svo hægt sé að standa við skuldbindingar.


Rekstrarreikningur

| | 2015 | 2014 |
|--------------------------------------|---------------|---------------|
| <i>Rekstrartekjur</i> | | |
| Iðgjöld | 24.831 | 20.977 |
| <i>Rekstrartekjur alls</i> | 24.831 | 20.977 |
| <i>Rekstrargjöld</i> | | |
| Styrkir | 26.985 | 22.368 |
| Umsýslukostnaður | 2.483 | 2.098 |
| Annar kostnaður | 636 | 609 |
| <i>Rekstrargjöld alls</i> | 30.104 | 25.075 |
| Hagnaður/tap án fjármagnsliða | -5.273 | -4.098 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | 1.358 | 1.308 |
| <i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i> | -3.915 | -2.790 |
| <i>Óráðstafað eigið fé</i> | | |
| Yfirfært f.f. ári | 48.093 | 50.883 |
| Leiðrétt f.f. ári | -868 | 0 |
| <i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i> | -3.915 | -2.790 |
| | 43.310 | 48.093 |


Sjóðfélagar
Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr
Fjölskyldu og styrktarsjóði VFÍ



Lykiltölur
Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2015

Stjórn Sjúkrasjóðs fyrir starfsárið 2015 til 2016:

Hulda Björg Þórisdóttir
Halldór Árnason
Björgvin Áskelsson

Sjóðfélagar eru starfsmenn á FRV verkfræðistofum og starfsmenn á almennum markaði.


Á síðastliðnu ári voru veittir 1276 styrkir sem er 52% fjölgun frá árinu áður en þar munar mest um mikla fjölgun líkamsræktarstyrkja.

Almennir styrkir voru 1100 og dagpeningastyrkir voru 139 flestir vegna fæðingarorlofs. Sérstækir styrkir voru 36. Hóprannsókn vegna skimunar fyrir ristilkrabbameini lauk á árinu og alls nýttu sér 9 sjóðfélagar hana. Stefnt er að því að halda áfram með þessa hóprannsókn og jafnvel aðrar.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2015 námu rúmum 134,4 mkr. sem er 9,5% hækkun frá 2014. Styrkir námu tæplega 86,3 mkr og hækka mikið milli ára. Rekstrargjöld voru 14,5 mkr.


Sjóðfélagar voru 1919 í árslok 2015 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Það er 18% fjölgun milli ára.




Rekstrarreikningur

| | 2015 | 2014 |
|--------------------------------------|----------------|----------------|
| <i>Rekstrartekjur</i> | | |
| Iðgjöld | 134.370 | 122.739 |
| Rekstrartekjur alls | 134.370 | 122.739 |
| <i>Rekstrargjöld</i> | | |
| Styrkir | 86.301 | 60.966 |
| Umsýslukostnaður | 13.437 | 12.274 |
| Annar kostnaður | 1.058 | 1.156 |
| Rekstrargjöld alls | 100.796 | 74.396 |
| Hagnaður/tap án fjármagnsliða | 33.574 | 48.343 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | 30.095 | 13.362 |
| <i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i> | 63.669 | 61.705 |
| <i>Óráðstafað eigið fé</i> | | |
| Yfirfært f.f. ári | 507.300 | 445.595 |
| Leiðrétt f.f. ári | -650 | 0 |
| <i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i> | 63.669 | 61.705 |
| | 570.319 | 507.300 |

Fjöldi greiddra styrkja úr Sjúkrasjóði VFÍ



Lykiltölur Sjúkrasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

| Ár | Fjöldi styrkja | % aukning |
|------|----------------|-----------|
| 2006 | 273 | |
| 2007 | 200 | -26,7 |
| 2008 | 205 | 2,5 |
| 2009 | 296 | 44,4 |
| 2010 | 353 | 19,3 |
| 2011 | 553 | 56,7 |
| 2012 | 759 | 37,3 |
| 2013 | 789 | 4,0 |
| 2014 | 859 | 6,3 |
| 2015 | 1276 | 52,1 |

Skýrsla Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2015

Stjórn sjóðsins var á síðasta ári skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ og ríkisins:

Geir Guðmundsson, VFÍ
 Arnór B. Kristinsson, VFÍ
 Gunnar Gunnarsson, f.h. fjármálaráðherra.
 Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1989. Það eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Fjöldi þeirra sem greitt var fyrir til sjóðsins stóð í stað.

Frá stofnun hefur verið greitt 1,72% af dagvinnulaunum í sjóðinn en með nýjum kjarasamningi um mitt ár 2008 lækkaði það hlutfall í 0,46%. Með kjarasamningi 2011 var hlutfallið aftur hækkað og var 1,11% af heildarlaunum frá 1. júlí 2012. Frá 1. janúar 2015 breyttist iðgjaldið aftur í 1,72% af föstum mánaðarlaunum.

Á árinu 2008 var úthlutunarreglum breytt þannig að hámarksstyrkur var hækkaður í 450.000 kr. á hverju þriggja ára tímabili.

Iðgjöld í sjóðinn hækkuðu úr 26,8 millj. kr í 41,5 millj. kr eða um 55%


Rekstrarreikningur

| | 2015 | 2014 |
|--------------------------------------|----------------------|----------------------|
| <i>Rekstrartekjur</i> | | |
| Iðgjöld | 41.481 | 26.803 |
| <i>Rekstrartekjur alls</i> | <u>41.481</u> | <u>26.803</u> |
| <i>Rekstrargjöld</i> | | |
| Styrkir | 20.856 | 18.068 |
| Umsýslukostnaður | 4.148 | 2.680 |
| Annar kostnaður | 696 | 708 |
| <i>Rekstrargjöld alls</i> | <u>25.700</u> | <u>21.456</u> |
| Hagnaður án fjármagnsliða | 15.781 | 5.347 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | 1.598 | 880 |
| <i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i> | <u>17.379</u> | <u>6.227</u> |
| <i>Óráðstafað eigið fé</i> | | |
| Yfirfært f.f. ári | 64.832 | 58.605 |
| <i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i> | <u>17.379</u> | <u>6.227</u> |
| | <u>82.211</u> | <u>64.832</u> |


Heildarupphæð styrkja á síðasta ári var 20,9 mkr. og hækkaði um 15,5% milli ára. Umsóknnum fjölgaði úr 90 í 109.

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2015 er eftirfarandi: 54 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 55 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 109 umsóknir.


Sjóðfélagar
Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr
Vísinda- og starfsmenntunarsjóði VFÍ



Lykiltölur Vísinda- og
starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2015

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2015-2016 skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ og sveitarfélaganna:

Árni Ísberg, VFÍ
 Þorsteinn Sigurjónsson, VFÍ
 Guðjón Örn Helgason, Reykjavíkurborg

Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á samkomulagi félagsins við Reykjavíkurborg og sveitarfélög frá 1989 auk viðbótarsamninga og breyttra kjarasamninga á síðustu árum. Starfsmenn sveitarfélaga áttu rétt á að launagreiðandi greiddi 1,72% af dagvinnulaunum þeirra í sjóðinn en með nýjum kjarasamningum er mismunandi hve iðgjald er hátt. Á árinu 2008 var úthlutunarreglum breytt þannig að hámarksstyrkur var hækkaður í 480.000 krónur á hverju þriggja ára tímabili. Einnig var samþykkt á árinu 2010 að hækka styrki til tölvukaupa í 200.000 krónur.


Greiddir styrkir á liðnu ári voru 31 alls sem er 24% fjölgun styrkja frá árinu 2014 þegar þeir voru 25. Heildarupphæð styrkja á síðasta ári var 6,1 milljón sem er 20% lækkun á milli ára.

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2015 er eftirfarandi: 16 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða og 15 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði.


Rekstrarreikningur

| | 2015 | 2014 |
|--|----------------------|----------------------|
| <i>Rekstrartekjur</i> | | |
| Iðgjöld | 18.609 | 15.068 |
| Iðgjöld Starfsmenntunarsjóðs alm. mark | 14.380 | 10.960 |
| <i>Rekstrartekjur alls</i> | <u>32.989</u> | <u>26.028</u> |
| <i>Rekstrargjöld</i> | | |
| Styrkir | 6.123 | 5.051 |
| Umsýslukostnaður | 3.299 | 2.603 |
| Annar kostnaður | 724 | 663 |
| <i>Rekstrargjöld alls</i> | <u>10.146</u> | <u>8.317</u> |
| Hagnaður án fjármagnsliða | 22.843 | 17.711 |
| Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld | 1.306 | 739 |
| <i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i> | <u>24.149</u> | <u>18.450</u> |
| <i>Óráðstafað eigið fé</i> | | |
| Yfirfært f.f. ári | 56.638 | 38.188 |
| Leiðrétt f.f. ári | 72 | 0 |
| <i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i> | <u>24.149</u> | <u>18.450</u> |
| | <u>80.859</u> | <u>56.638</u> |


Sjóðfélagar
Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr
Starfsmenntunarsjóði VFÍ



Lykiltölur
Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2015

Stjórn Orlofssjóðs VFÍ árið 2015-2016:

Margrét Edda Ragnarsdóttir
Sveinn V. Árnason
Kristján Sturlaugsson

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2016 verður nítjándi sumarið sem úthlutað er til félagsmanna.

Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Árið 2008 keypti sjóðurinn tvö orlofshús af starfsmannafélagi Stálsmiðjunnar. Þau er staðsett í Húsafelli og á Kirkjubæjarklaustri. Húsið á Klaustri var selt í lok ársins og stefnt er að því að kaupa eða byggja hús í Borgarfirði í stað þess.

Húsið í Húsafelli var stækkað og endurbýgt árið 2010 og hefur verið mjög eftirsótt í kjölfarið.

Árið 2012 keypti sjóðurinn nýja íbúð við Sómatún á Akureyri.

Í febrúar 2016 keypti sjóðurinn húsið í Árnesi sem leigt hefur verið á sumrin í mörg ár.


OVFÍ á tvö góð hús í Hraunborgum í Grímsnesi sem voru endurnýjuð árið 2014 og í ár leigir sjóðurinn einnig tvö nýleg hús skammt frá Borgarnesi, hús við Hreðavatn, íbúð á Ísafirði, íbúð á Akureyri, sumarhús að Hrísum í Eyjafirði og sumarhús að Staffelli á Héraði. Auk þess býður sjóðurinn upp á leigu á tjaldvögnum og niðurgreiðslu á hótlegingu með sölu á hóteliðum.

Umsóknir um sumarúthlutun 2015 voru 297 og tókst að úthluta 185 gistingu í hús-um og tjaldvögnum. Auk þess var 45 sjóðfélögum úthlutað miðum fyrir hótlegingu á EDDU hóteli.


Rekstrarreikningur

| | 2015 | 2014 |
|--------------------------------------|---------------|---------------|
| <i>Rekstrartekjur</i> | | |
| lögjöld | 39.208 | 34.495 |
| Leigutekjur | 7.301 | 6.052 |
| Rekstrartekjur alls | 46.509 | 40.547 |
| <i>Rekstrargjöld</i> | | |
| Leigukostnaður | 15.668 | 12.287 |
| Rekstur orlofshúsa | 8.447 | 10.914 |
| Umsýslukostnaður | 5.581 | 4.866 |
| Annar kostnaður | 1.988 | 1.014 |
| Fyrning sumarhúsa | 3.761 | 4.910 |
| Rekstrargjöld alls | 35.445 | 33.991 |
| Hagnaður án fjármagnsliða | 11.064 | 6.556 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | 339 | -115 |
| Tekjur umfram (gjöld) á árinu | 11.403 | 6.441 |
| Óráðstafað eigið fé | | |
| Yfirfært f.f. ári | 78.277 | 71.836 |
| Leiðrétt f.f. ári | 3 | 0 |
| Tekjur umfram (gjöld) á árinu | 11.403 | 6.441 |
| | 89.683 | 78.277 |

Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ



Alls var greitt fyrir 2060 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2015. Fullgildir félagar eru um 1600. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 39,2 mkr. sem er 13,6% hækkun frá árinu 2014.



Skýrslur deilda, nefnda og faghópa

Byggingarverkfræðingadeild

Ýmis mál og erindi berast á borð Byggingarverkfræðingadeildar VFÍ (BVFÍ) á hverju starfsári. Oft er verið að leita umsagna og álits á málefnum sem tengjast faginu og fagnar stjórn BVFÍ því að fá þau mál til sín. Ýmist er það stjórnin sem tekur að sér vinnu er snýr að málum/erindum þessum eða aðrir félagsmenn og fer það allt eftir eðli og umfangi hverju sinni. Stjórn hittist reglulega yfir starfsárið og fer yfir þau mál sem berast stjórninni og eru fundir iðulega haldnir í húsa-kynnum VFÍ við Engjateig.

28. maí 2015 var haldinn fámennur en góðmennur aðalfundur BVFÍ. Tveir nýir stjórnarmenn voru teknir inn í stjórn, þeir Pétur Ingi Sveinbjörnsson og Árni Freyr Stefánsson. Út fóru Sigurður Guðjón Jónsson formaður og Lilja Guðríður Karlsdóttir, gjaldkeri. Við formannssætinu tók Ingimar Ari Jensson og Hlíf Ísaksdóttir tók við gjaldkerastarfinu.

Í september 2015 óskaði VFÍ eftir umsögn BVFÍ um skoðunarhandbók MVS. Fyrirvarinn var stuttur en handbókin var send áfram á þá sem höfðu áhuga og skiluðu þeir umsögn.

Þann 9. september 2015 stóð BVFÍ fyrir fyrirlestri undir yfirskriftinni Flugvallarkostir á höfuðborgarsvæðinu – Kynning á verkefni sameiginlegs stýrihóps ríkis, Reykjavíkurborg og Icelandair Group. Fyrirlesari var Þorsteinn R. Hermannsson, þá verkfræðingur hjá Mannvit en nú samgöngustjóri Reykjavíkurborgar. Var fjölmennt á fundinum og sköpuðust heitar umræður í kjölfar kynningar.

Í byrjun árs 2016 var skipulögð ferð til Keflavíkurflugvallar og var hún farin 29. janúar. Góð þátttaka var í ferðinni, bæði verkfræðingar og tæknifræðingar sem fengu kynningu á starfsemi Isavia og framtíðaruppbyggingu á flugvellinginum. Var gerður góður rómur að ferðinni og þökkum við Isavia kærlega fyrir höfðinglegar móttökur.

Íðorðastarf hefur ávallt verið hluti af starfi félagsins. Lítið hefur þó verið aðhafst í þeim málum á árinu en við finnum fyrir auknum áhuga frá fleiri fagfélögum og vonandi verður á endanum hægt að koma iðorðasafni á rafrænt form eins og stefnt er að.

Þegar þetta er ritað, í byrjun apríl 2016, er fyrirhugað að halda aðalfund félagsins í maí n.k. Verið er að skoða það hvort boðið verður upp á áhugaverða skoðunarferð eða fyrirlestur í tengslum við fundinn en viðfangsefni liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Undirritaður vill að lokum nota tækifærið og þakka öllu því góða fólki sem hefur tekið að sér vinnu fyrir félagið þegar til þeirra hefur verið leitað á starfsárinu. Það er ekki sjálfgefið þar sem sjaldnast er um launaða vinnu að ræða og því má segja að hugsjónir og áhugi viðkomandi aðila á viðfangsefninu ráði för hverju sinni.

Ingimar Ari Jensson, formaður.

Vélaverkfræðingadeild

Rólegt hefur verið yfir starfsemi Vélaverkfræðingadeildar VFÍ (VVFÍ) síðustu ár og voru engir viðburðir á vegum deildarinnar á síðastliðnu starfsári.



Norðurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur NVFÍ var haldinn föstudaginn 21. mars 2015. Á dagskrá aðalfundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Eva Hlín Dereksdóttir var endurkjörin formaður og Freyr Ingólfsson var endurkjörinn gjaldkeri félagsins. Adam Traustason var endurkjörinn ritari og Björgvin Smári Jónsson var kjörinn varamaður í stjórn.

Einnig voru þeir Pétur Torfason og Eiríkur Jónsson endurkjörnir skoðunarmenn ársreikninga.

Síldarkvöld

Árlegt Síldarkvöld NTFÍ og NVFÍ var haldið að loknum aðalfundarstörfum.

Fundarstjóri kvöldsins var Sigurvin Jónsson og ræðumaður kvöldsins var Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Hélt Þorvaldur erindi um stöðu svæðisins og verkefni hjá félaginu. Fundurinn var að vanda haldinn í samvinnu við Tæknifræðingafélag Íslands (NTFÍ). Að erindi loknu var snæddur kvöldverður. Fundurinn var vel heppnaður og vel sóttur.

Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu. Hluti funda voru haldnir með stjórn NTFÍ.

Námskeið í samvinnu við Háskólann á Akureyri

Ekki voru haldin námskeið á árinu.

Haust viðburður – Dagsferð á Siglufjörð

Þann 3. október var haldið til Siglufjarðar út Eyjafjörðinn. Stoppað var á Dalvík þar sem Þorsteinn Björnsson, sviðstjóri Veitu- og hafnarsviðs, sýndi félagsmönnum nýlegar skólþdælustöðvar Dalvíkurbyggðar. Að því loknu var haldið áleiðis til Siglufjarðar undir styrki leiðsögn Þorsteins. Stoppað var í Héðinsfirði þar sem Þorsteinn fræddi félagsmenn um sögu byggðar í Héðinsfirði, en hann á ættir að rekja þangað.

Við komuna til Siglufjarðar var byrjað á að skoða Síldarminjasafnið. Að því loknu var haldið á Sigló Hótel þar sem Róbert Guðfinnsson, athafnamaður, tók á móti okkur og fræddi okkur um þau verkefni sem hann hefur komið á koppinn. Þar með talið uppbygging gamalla húsa, veitingastaða, Sigló Hótel og Genís. Næst fengum við kynningu á uppbyggingu snjóflóðavarnagarða á Siglufirði frá Sigurði Hlökkvessyni, hjá Framkvæmdasýslu Ríkisins og gjaldkera NTFÍ. En rúsinan í pylsuendanum var kynning Gunnars Birgissonar, bæjarstjóra Fjallabyggðar og verkfræðings á starfsemi Fjallabyggðar og fyrirhugaðar framkvæmdir í sveitarfélaginu.

Að loknum þessum skemmtilegu heimsóknnum snæddu félagsmenn og makar frábæran kvöldverð á Hannes Boy. Þátttakendur í haustferðinni voru samtals 30 og var mökum boðið með.

Aðrir viðburðir

Tveir Samlokufundir voru haldnir á síðasta ári. Í maí var Samlokufundur um rekstur og framkvæmdir í Hlíðarfjalli. Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Skíðasvæðisins í

Hlíðarfjalli hélt erindið og mæltist það vel fyrir og líflegar umræður sköpuðust í lok erindis. Þann 29. september var svo haldinn Samlokufundur um flugvallarkosti á höfuðborgarsvæðinu. Þorsteinn R. Hermannsson samgönguverkefningur hjá Mannviti kynnti verkefni sameiginlegs stýrihóps ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group. Þorsteinn var verkefnisstjóri stýrihópsins.

Félögin stóðu svo fyrir ráðstefnu í Hofi um vistvæna orkugjafa þann 23. október. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Vistorku ehf. og var Baldur Dýrfjörð fundarstjóri. Hófst ráðstefnan á ávarpi bæjarstjóra, Eiríks Björns Björgvinssonar. Fjallaði hann um stöðu og stefnu bæjarins í kolefnislosun, endurvinnslu og fleiri þáttum vistvæna orkugjafa. Ágústa Loftsdóttir frá Orkustofnun var með erindi um stöðu eldsneytis og horfur í þeim málum. Sigurður Markússon frá Landsvirkjun var næstur með erindi um nýsköpun og þróun í jarðvarmanýtingu. Sagði hann frá DDP verkefninu og ýmsum áhugaverðum verkefnum í Kröflu. Teitur Gunnarsson hjá Mannviti fjallaði um tækifæri og hindranir lífmassavera og í lokin hélt Óskar Gústavsson frá Johan Rönning erindi um rafmagnaðar samgöngur. Í lok ráðstefnunnar var boðið upp á veitingar.

Lokaorð

Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf við NTFÍ með miklum ágætum. Stefnan er ávallt að vera með nokkra viðburði á hverju ári en ljóst að Samlokufundir mættu vera fleiri. Þeir eru vel



sóttir af félagsmönnum og eru kjörin vettvangur til að auka tengsl verkfræðinga og tæknifræðinga á svæðinu.

Stjórn NVFÍ vill þakka félögum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari og virkari þátttöku félaga á því starfsári sem framundan er. Hafi félagsmenn tillögur að fyrirlesturum fyrir Samlokufundi hvetur stjórn þá til að koma þeim á framfæri við einhvern stjórnarmanna.

*F.h stjórnar NVFÍ,
Eva Hlín Dereksdóttir, formaður.*

Austurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur AVFÍ var haldinn fimmtudaginn 12. mars 2015, fundurinn var haldinn sameiginlega með ATFÍ. Á dagskrá aðalfundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Fyrirlestur sem átti að vera um regluumhverfi flygilda féll niður þar sem ekki var flogið úr Reykjavík. Óskað var eftir framboðum í stjórn félagsins en engin framboð komu fram. Allir stjórnarmeðlimir buðu sig fram í áframhaldandi starf á vegum félagsins. Voru því eftirtaldir kosnir í stjórn Austurlandsdeildarinnar: Anna Elín Jóhannsdóttir, Guðmundur I. Einarsson og Kristjón Sigurbergsson. Fundinum var síðan slitið og félagsmönnum boðið upp á léttar veitingar.

Stjórnarfundir

Stjórnir Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ hafa fundað sameiginlega nokkrum sinnum á starfsárinu 2015-2016. Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum. Verkaskipting skiptist þannig: Anna Elín Jóhannsdóttir, formaður, Einar Andrésson, gjaldkeri og Sigurður Freysson, ritari.

Haustferð

Sameiginleg haustferð Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ var farin laugardaginn 17. október 2015 og að venju tókst hún mjög vel. Byrjað var á að fara á Seyðisfjörð og skoða Fjarðarselsvirkjun sem er rúmlega 100 ára gömul virkjun staðsett við Seyðisfjarðarkaupstað. Þar tóku starfsmenn Rarik á Austurlandi á móti okkur og fóru yfir sögu virkjunarinnar. Eftir þetta var farið í Tæknimínjasafn Austurlands þar sem Pétur Kristjánsson safnvörður tók á móti okkur og fór í gegnum sögu safnsins. Í safninu er lögð áhersla á tæknivæðingu landsins frá 1880 til dagsins í dag. Eftir góðan dag á Seyðisfirði var haldið til Egilsstaða og stoppað á Gistiheimili Egilsstaða þar sem félagsmenn gæddu sér á dýrindis veitingum og spjölluðu fram eftir kvöldi. Stjórnir ATFÍ og AVFÍ höfðu veg og vanda af skipulagningu þessarar ferðar og vilja stjórnarmenn þakka félagsmönnum fyrir þátttökuna.

Lokaorð

Starfsárið 2015-2016 sem hér hefur verið gert grein fyrir hefur verið stjórnarmönnum gefandi. Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf AVFÍ og ATFÍ með miklum ágætum. Austurlandsdeildirnar vilja þakka félögum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari þátttöku félagsmanna á því starfsári sem framundan er og vill minna meðlimi á að félagið erum við sjálf sem að því standa.

Anna Elín Jóhannsdóttir, formaður.

Rafmagnsverkfræðingadeild

Aðalfundur RVFÍ 2015 var haldinn í Verkfræðingahúsi miðvikudaginn 29. apríl þar sem eftirtaldir voru kosnir í stjórn: Einar Pálmi Einarsson, Vigfús Gíslason, Kjartan Hjörvar og Þórarinn Benedikz.

Á aðalfundinum hélt Sæmundur E. Þorsteinsson kynningu á IEEE, en Óskar Eiríksson og Sigurveig Hallsdóttir frá Símanum héldu fyrirlestur um Internet tækjanna eða Internet of Things.

Samlokufundir

Þann 24. september 2015 var haldinn Samlokufundur um umfjöllunarefnið „Smávirkanir og rekstur búnaðar úti í mörkinni“. Þórhallur Ólafsson framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar flutti fyrirlestur um smávirkanir fyrirtækisins og reynslu af rekstri þeirra. Nicolai Jónasson deildarstjóri upplýsingaþróunar hjá Vegagerðinni fylgdi á eftir og fjallaði um rekstur gagnaöflunarbúnaðar stofnunarinnar víða um land.

Rafbílaráðstefna

Föstudaginn 11. desember stóð RVFÍ fyrir ráðstefnu um rafbílavæðingu á Íslandi. Markmiðið var að ná utan um það sem gerst hafði á því eina ári sem liðið var frá fjölsótttri ráðstefnu deildarinnar um sama efni. – Í framhaldi skilaði Verkfræðingafélag Íslands ríkisstjórninni stefnumótun um rafbílavæðingu Íslands ásamt aðgerðaráætlun og greinargerð. Seinni ráðstefnan var afar vel sótt eins og sú fyrri. Kom þar saman fjöldi fyrirlesara sem fóru vítt og breitt fyrir svið rafbíla. Ráðstefnan var haldin í sal Arionbanka í Borgartúni.

RVFÍ á Degi verkfræðinnar

Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ var stofnuð 7. febrúar 1941 og fagnar því 75 ára afmæli á þessu ári. Af því tilefni var rafmagnsverkfræðin áberandi á Degi verkfræðinnar sem haldinn var í annað sinn 1. apríl 2016. Fjölmeðgöng fróðleg erindi á sviði rafmagns-



verkfræði voru flutt og vakti kynning á starfi Orðanefndar RVFÍ sérstaka athygli.

Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2015 var fjallað um samtals 15 kafla í Alþjóðlega raftækniórðasafninu, IEV. Yfirferð allra þessara kafla lauk á árinu utan eins, þ.e. kafla 881 "Radiology and radiological physics".

Raftækniórðasafn nefndarinnar á vefsíðu Snöru hefur frá ársbyrjun 2013 verið uppfært eftir þörfum samkvæmt áframhaldandi störfum nefndarinnar og hefur samstarfið við Snöru gengið vel.

Raftækniórð er einnig að finna í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar og voru þau uppfærð þar í lok ársins.

Heildarumfang raftækniórðasafnsins nemur nú um 20.300 íðorðum. Til viðbótar liggur nú fyrir frumþýðing um 3.000 íðorða sem nefndin á eftir að yfirfara áður en þau verða birt í Snöru og Orðabankanum. Þetta er verkefni sem líklega á eftir að taka nefndina 1-2 ár. Ýmsir aðilar og ekki síst þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis leit-uðu sem oftast til Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga á árinu með fyrirspurnir.

ORVFÍ ásamt VFÍ eru meðal stofnenda Málræktarsjóðs og eiga því rétt á að sitja aðalfundi sjóðsins. Sigurður Briem var full-

trúi ORVFÍ og Jón Þóroddur Jónsson fulltrúi VFÍ árið 2015.

Til þess að mæta kostnaði við starf orðanefndarinnar naut hún á árinu styrks úr Málræktarsjóði auk stuðnings frá RVFÍ.

Um áramótin 2015/2016 hafði ORVFÍ komið saman á 1380 fundum frá árinu 1971 þegar fyrst var farið að færa fundargerðir reglulega. Að meðaltali hafa því verið haldnir rúmlega 30 fundir árlega undanfarna fjóra áratugi. Það hefur mjög auðveldað störf nefndarinnar að hún hefur ávallt notið velvilja og rausnar Orkustofnunar varðandi fundaraðstöðu og veitingar á fundum.

Nefndin tók sér sumarleyfi frá júní þar til í lok september.

Fundir nefndarinnar urðu 30 á árinu 2015 og voru að jafnaði 5-6 á fundi hverju sinni en heilsufarsástæður hafa hamlað fundarsókn nokkurra nefndarmanna. Á árinu létust tveir nefndarmanna, þeir Sæmundur Óskarsson og Gústav Arnar sem báðir höfðu starfað í nefndinni um langt árabil.

Eftirtaldir félagar eru nú í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga:

Gunnar Ámundason
Ívar Þorsteinsson
Jón Þóroddur Jónsson
Ólafur Pálsson

Sigurður Briem, formaður nefndarinnar Torfi Þórhallsson

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ph. D. í íslenskri málfræði, hefur starfað með nefndinni undanfarnin ár sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál.

Sigurður Briem, formaður.

Hljóðvistarfélag Íslands _ ÍSHLJÓÐ

Skýrsla um starfsemi frá aðalfundi 9. apríl 2015 til aðalfundar 18. febrúar 2016.

Á aðalfundi félagsins 9. apríl 2015 bættist Ingvar Jónsson við í stjórn Íshljóðs. Hann hefur gengt stöðu meðstjórnanda. Þá hefur Ólafur Daníelsson áfram gegnt formennsku, Kristín Ómarsdóttir verið gjaldkeri og Jakob Tryggvason verið ritari félagsins.

Á síðasta aðalfundi, 9. apríl 2015, voru gerðar breytingar á lögum félagsins. Þessar breytingar voru þær að fjöldi stjórnarmanna var aukinn úr þremur í fjóra, að Íshljóð sé félagi í ICA, og í 9 gr. var tekið fram að hugsanlegum eignum verði ráðstafað til góðgerðarmála við upplausn félagsins. Löggin hafa nú verið uppfærð í sam-

ræmi við framangreint og munu uppfærð lög brátt verða sett inn á vfi.is.

Í aðdraganda aðalfundar 2016 voru félagsgjöld innheimt. Gjaldið var hækkað í samræmi við aðalfund 2015 og er nú tvö þúsund krónur.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn félagsins unnið aðeins að undirbúningi BNAM 2018 á Íslandi. Ákveðið hefur verið að BNAM 2018 fari fram í Hörpu, dagana 15.-17. apríl. Icelandtravel kemur að undirbúningi ráðstefnunnar eins og fyrir 10 árum. VFÍ hefur samþykkt að gangast undir fjárhagslega ábyrgð vegna ráðstefnunnar.

Frá því á Aðalfundi 2015 hafa tveir NAA fundir verið haldnir. Sá fyrri var á Euronoise í Maastricht þann 1. júní 2015. Kristín Ómarsdóttir mætti fyrir hönd ÍSHLJÓÐ. Rætt var um BNAM í Svíþjóð 2016, BNAM á Íslandi 2018, og ákveðið var að halda fjarfund með haustinu. Sá fundur var þann 8. október. Farið var aftur yfir BNAM 2016, BNAM 2018 og 60 ára afmæli NAS í Þrándheimi. Næsti fundur var ákveðinn í ársbyrjun 2016, en hann hefur enn ekki farið fram. Í dag er í gangi vinna í félaginu vegna reikningamála félagsins, en formaðurinn er sænskur en reikningar félagsins eru í Danmörku.

Hvað varðar úttekt NAA á kennslu í hljóðvist á Norðurlöndunum, þá hefur það mál lítið þokast áfram, vegna anna hjá þeim sem vinna að málinu. Ástæða er til að blása til sóknar og klára málið.

Kristín Ómarsdóttir mætti fyrir hönd Íshljóðs á fund EAA þann 31. maí 2015. Á fundinum var m.a. rætt um Acta Acoustica og félagsmenn hvattir til að birta greinar sínar í fræðiritinu. Þá var fjallað um fræðiritið Acoustics in practice, og fleiri tímarit/vefsvæði með fróðleik og greinum. Rætt var um YAN (Young Acousticians Network), ýmsar ráðstefnur sem eru framundan og að árið 2019 verði ár hljóðsins. Næsti fundur EAA verður í Porto, þegar Euroregio 2016 ráðstefnan verður haldin (12. júní 2016).

Stofnaður hefur verið Facebook hópur fyrir félagsmenn Íshljóð. Meðlimir í hópnum eru í dag 22 talsins. Á síðunni eru m.a. umræður um málefni líðandi stundar, ráðstefnur, lógó félagsins o.fl.

Haldinn var haustfundur félagsins 19. nóvember 2015. Á fundinum var rætt um Facebook síðu félagsins, lógó félagsins, kennslumál, félagsgjöld, Acta Acoustica og aðgang félagsmanna að fræðiritinu og að lokum hélt Finnur Pind erindi um hljóðmælingar á tónleikum.

Samkeppni um lógó félagsins var sett í gang og verður kosið um innsendar tillögur á aðalfundi 2016.

Kvennanefnd VFÍ

Kvennanefnd VFÍ var stofnuð árið 2000. Á stofnfundi nefndarinnar voru sett fram þrjú lykilmarkmið. Í fyrsta lagi að kvenverkfræðingar hafi jafnmikil áhrif og taki jafnan þátt í tækniþróun og karlverkfræðingar. Í öðru lagi að auka ásókn kvenna í verkfræði- og tæknigreinar með því að gera kvenverkfræðinga sýnilegri svo til staðar sé fagleg fyrirmynd fyrir stúlkur og í þriðja lagi að kynnast innbyrðis og styrkja stöðu kvenna innan stéttarinnar.

Í stjórn kvennanefndar starfsárið 2015 sátu Björg Guðjónsdóttir, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, Heiða Njóra Guðbrandsdóttir, Helga Gunnlaugsdóttir, Kamilla Reynisdóttir, Kolbrún Reinholdsóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir. Konur eru rúm 20% félagsmanna í VFÍ og á starfsárinu sat ein kona í stjórn VFÍ, María S. Guðjónsdóttir. Í stjórn Kjaradeildar VFÍ sat ein kona, Hlín Benediktsdóttir. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi sat engin kona. Í fastanefndum og öðrum nefndum félagsins sátu 9 konur af 47 nefndarmönnum eða um 20%. (Deildir og faghópar eru hér ekki innifaldir).

Á starfsárinu 2015-2016 einsetti nefndin sér því sem fyrr að standa fyrir viðburðum sem endurspeglar þau lykilmálin sem komu fram í stefnumótun nefndarinnar frá árinu 2015, með sérstakri áherslu á tengslanetið.

Kvennanefndin hélt áfram samstarfi til marga ára við fagfélög kvenna og voru stofnuð formleg samtök um það samstarf á árinu; Samtök fagfélaga kvenna. Samtökin skipa Félag kvenna í læknaþétt á Íslandi, Félag kvenna í endurskoðun, Félag kvenna í lögmenntu og Félag prestvígðra kvenna. Á hverju ári hafa samtökin unnið að sameiginlegum viðburði og í októbermánuði 2015, á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, stóðu samtökin fyrir glæsilegu málþingi um stöðu menntaðra kvenna undir yfirskriftinni Með storminn í fangið! Frú Vigdís Finnbogadóttir ávarpaði málþingið og voru þá flutt tvö erindi af þeim Rósu Guðrúnu Erlingsdóttur, sérfræðingi stjórnvalda við stefnumótun í jafnréttismálum og Ólöfu Júlíusdóttur, doktorsnema í félagsfræði við HÍ. Að loknum erindum tóku við pallborðsumræður þar sem fulltrúar allra fagfélaganna tóku sæti. Jóhanna Harpa Árnadóttir, einn stofnenda kvennanefndarinnar og jafnframt fyrsta konan til að gegna starfi formanns VFÍ, skipulagði málþingið með glæsibrag og kann Kvennanefndin henni miklar þakkir fyrir. Kvennanefndin þakkar einnig Framkvæmdanefnd um 100

ára afmæli kosningaréttar fyrir veittan styrk og Orkuveitu Reykjavíkur sem bauð fram aðstöðu sína fyrir málþingið.

Í janúar 2016 var Rósabóð Kvennanefndarinnar haldið í þriðja sinn. Markmið Rósabóðsins er að fagna þeim konum sem ljúka prófi í verkfræði árið áður og sameina þær öðrum, reyndari konum í stéttinni. Árið 2015 útskrifuðust tæplega 90 konur frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík með grunn-, meistara eða doktorsgráðu í ýmsum greinum verkfræðinnar og er það sambærileg tala og síðustu þrjú ár. Hlutfall kvenna af útskrifuðum var um 30%. Það er glæsileg tölfræði, sér í lagi þegar litið er til þess að í dag eru konur einungis um 15% af þeim sem bera starfsheitið verkfræðingur. Í Rósabóðinu í ár þáðu tæplega 40 nýútskrifaðar konur boðið og er það aukning frá fyrri boðunum tveimur. Var þeim færð rós í tilefni áfangans og öllum félagskonum VFÍ boðið að koma og fagna þeim nýútskrifuðu og bjóða þær velkomnar í hópinn með þessum táknaða hætti. Dagskráin var fjölbreytt og Dr. Anna Hulda Ólafsdóttir, verkfræðingur, fyrrum Norðurlandameistari í ólympískum lyftingum og vísindamaður ársins 2015 (IPMA), deildi sögum af reynslu sinni. Boðið fékk mjög góðar viðtökur og greinilegur mikill vilji kvenna í stéttinni til að styðja við ungar konur, sem eru að ljúka prófi.

Í febrúar boðaði Kvennanefndin fyrirtækjaheimsókn til Nox Medical. Heimsókninni var vel tekið og fylltust laus pláss á innan við sólarhring. Kolbrún Eydís Ottósdóttir, einn eigenda og stofnenda Nox Medical, hélt kynningarerindi um fyrirtækið og tóku þá við þær Helga Gunnlaugsdóttir og Fanney Blöndahl og kynntu starf vörustjóra. Loks fjallaði Kristín Karlsdóttir, sérfræðingur í framleiðslu um framleiðsluerli Nox Medical. Kvennanefndin þakkar Nox Medical kærlega fyrir gestrisnina.

Á þessu ári mun nefndin stefna áfram að fjölbreyttum viðburðum sem höfða ættu til sem flestra. Til þess að fræðast um störf Kvennanefndar VFÍ og sjá upplýsingar um næstu viðburði bendum við á facebook-síðu nefndarinnar: www.facebook.com/kvennanefndvfi

Heiða Njóra Guðbrandsdóttir,
formaður Kvennanefndar VFÍ.

Viðburðir 2015 – 2016

Fundir og ráðstefnur voru í flestum tilvikum haldnar í samvinnu VFÍ og TFÍ. Félagsmönnum beggja félaga er boðið að taka þátt þó viðburðir séu á vegum annars félagsins. Margir fundir eru sendir út beint og teknir upp. Upptökur eru birtar á vefsvæðum félaganna.

14. apríl 2015

Kynjakvótar í stjórnnum fyrirtækja Stefna þróun og áhrif

Samlokufundur á vegum Kvennanefndar VFÍ. Fyrirlesari: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við HÍ.

16. apríl 2015

Gagnaver og jarðstrengir

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Kynning á lokaverkefnum. Fyrirlesarar: Gísli Þór Ólafsson og Gunnar Sigvaldason, nýútskrifaðir tæknifræðingar.

20. apríl 2015

Kynning fyrir verkfræðinema í HÍ

21. apríl 2015

Kynning á framlengingu kjarasamnings við FRV

29. apríl 2015

Aðalfundur RVFÍ

Kynning á IEEE og starfsemi þess á Íslandi. Fyrirlesari: Sæmundur Þorsteinsson, lektor við Háskóla Íslands.

Allt tengt – Internet of things. Fyrirlesarar: Óskar Eiríksson, hópstjóri Internetþróunar hjá Símanum og Sigurveig Hallsdóttir, vörustjóri hjá Símanum.

7. maí 2015

Kynning fyrir nema í tæknifræði og verkfræði við HR

8. maí 2015

Heimsókn Kvennanefndar VFÍ til Verkís

13. maí 2015

Kynning TFÍ í Keili fyrir nemendur í tæknifræði.

21. maí 2015

Gæðastjórnun í mannvirkjagerð

Ráðstefna haldin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

28. maí 2015

BIM og Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR)

Samlokufundur. Fyrirlesarar: Sérfræðingar FSR.

28. maí 2015

Framtíð skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli

Samlokufundur á vegum Norðurlandsdeilda TFÍ og VFÍ. Fyrirlesari: Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins.

31. maí 2015

Heimsókn NITO

23. júní 2015

Hjóna-/parakeppni í golfi

6. júlí 2015

Fyrirlestrar á sviði jarðskjálftaverkfræði

Í samstarfi við HÍ. Fyrirlesari: Jae Kwan Kim, prófessor við Seoul National University.

7. ágúst 2015

VerkTækni golfmótið haldið á Grafarholtsvelli

28. ágúst 2015

Heimsókn verkfræðinema HÍ

3. september 2015

Heimsókn „seniora“ finnsku félaganna

9. september 2015

Flugvallarkostir á höfuðborgarsvæðinu

Samlokufundur á vegum BVFÍ. Fyrirlesari: Þorsteinn R. Hermannsson, verkefnisstjóri

stýrihóps á vegum ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair group.

17. september 2015

Kynning á kjarakönnun

Samlokufundur um kjaramál. Fyrirlesari: Haukur Eggertsson.

21. – 25. September 2015

Rýnisferð til Gautaborgar og Malmö.

24. september 2015

Smávirkanir og rekstur virkjana úti í mörkinni

Samlokufundur á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar: Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar og Nicolai Jónasson, deildarstjóri upplýsingaþróunar hjá Vegagerðinni.

29. september 2015

Samlokufundur Norðurlandsdeilda

Fyrirlesari: Þorsteinn R. Hermannsson, verkefnisstjóri stýrihóps á vegum ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair group.

3. október 2015

Haustferð Norðurlandsdeilda á Siglufjörð

15. október 2015

Gæði innilofts í íbúða- og atvinnuhúsnæði

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesari: Svavar T. Óskarsson, ráðgjafi hjá Orkuumsjón ehf.

16. október 2015

Vísindaferð tæknifræðinema til TFÍ.

17. október 2015

Haustferð Austurlandsdeilda

Tækniminjasafn og Fjarðarselsvirkjun.

19. október 2015

Námskeið: Stærðfræði í takt við tímann

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforríta og ókeypis kennslupáttá á netinu. Kennari: Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

23. október 2015

Ráðstefna Norðurlandsdeilda um vistvæna orkugjafa

29. október 2015

Staða hinnar menntuðu konu

Málþing á vegum fagfélaga kvenna.

5. nóvember 2015

Mótun framtíðar

Samlokufundur. Fyrirlesari: Trausti Valsson, prófessor við HÍ.

12. nóvember 2015

Team Spark

Samlokufundur. Fyrirlesarar: Team Spark liðið sem kynnti hönnun og smíði rafknúins kappakstursbíls.

24. nóvember 2015

Betri byggingar – Bætt heilsa

Málþing um áhrif byggingaraðferða, innivistar og loftgæða á heilsu.

9. desember 2015

Stríðsárin 1938-1945

Bókafundur. Fyrirlesari: Páll Baldvin Baldvinsson.

10. desember 2015

Staða og framtíð tæknifræðinnar

Samráðsfundur TFÍ með fulltrúum Keilis og HR.

11. desember 2015

Rafbílavæðing Íslands – Hver er staðan?

Ráðstefna á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar úr ýmsum áttum.

21. janúar 2016

Kynningarfundur um kjaramál á vegum samninganefndar Kjaradeildar VFÍ og Kjarafélags TFÍ við FRV

28. janúar 2016

Rósaboð Kvennanefndar VFÍ

Konur í VFÍ komu saman til þess að fagna þeim konum sem luku prófi í verkfræði á árinu 2015.

29. janúar 2016

Heimsókn á Keflavíkurflugvöll í boði ISAVIA

Á vegum BVFÍ. Þróunaráætlun og uppbygging flugvallarins.

4. febrúar 2016

Íslenskir verkfræðingar í Danmörku

Málþing í tilefni af aldarafmæli Dansk-íslenska félagsins.

5. febrúar 2016

UT-messan 2016

VFÍ og TFÍ kynntu starfsemi félaganna, nám og störf verkfræðinga og tæknifræðinga.

10. febrúar 2016

Framadagar 2016

VFÍ og TFÍ kynntu starfsemi félaganna, nám og störf verkfræðinga og tæknifræðinga.

18. febrúar 2016

Heimsókn til Nox Medical

Á vegum Kvennanefndar VFÍ.

24. febrúar 2016

Viltu skoða ofurtölvur?

Aðalfundur RVFÍ. Fyrirlesarar: Þorvaldur E. Sigurðsson, ráðgjafi hjá TESCON og Bolli Pálmason, sérfræðingur í líkanakeyrslum.

5. mars 2016

Aðalfundur og Síldarkvöld Norðurlandsdeilda

10. mars 2016

Varmatap húsa

Samlokufundur um frumvarp að nýjum staðli fríST Varmatap húsa – Útreikningar. Fyrirlesari: Björn Marteinnsson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

17. mars 2016

Aðalfundur Austurlandsdeilda

Rafbílavæðing – staða og horfur. Fyrirlesari: Björn Ágúst Björnsson, Orkuveitu Reykjavíkur.

17. mars 2016

Aðalfundur STFÍ

30. mars 2016

Aðalfundur KTFÍ

31. mars 2016


Aðalfundur TFÍ

1. apríl 2016

Dagur verkfræðinnar

8. apríl 2016

Aðalfundur VFÍ



Verkfræðingafélag Íslands